

Fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur
(Fiskabúrið)
Þverá
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 14. október 2020
UST202003-252/H.E.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2.7.2020, hjá fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur.

Þann 2.7.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur (Fiskabúrið) að Þverá í Vatnsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur frávíka sem komu upp í eftirliti 2018.

Þremur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu varðandi árekstrarvarnir við olútank, ástand settjarnar og að niðurstöður frárennslismælingar liggja ekki fyrir. Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr 2.3 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á sjó. Mikið er um byggingarefni, timbur, dekk, brotajárn, fiskikör ofl á lóðinni. Rekstraraðila er skylt að sjá um að öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig frágengið að það ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna
2. Gr. 2.4 og 2.5 starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á sjó. Ábendingar hafa borist Umhverfisstofnun um að rekstraraðili fari með dauðfisk og slóg af fiski í fjöruna og að sögn rekstraraðila gerir hann það til að fóðra villta fugla á svæðinu. Endurvinnna skal allan úrgang sem fellur til í starfseminni eins og kostur er eða koma í viðurkenndan farveg. Þá er rekstraraðila skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að úrgangi á vegum rekstraraðila eftir því sem við á.
3. Lög nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Ummerki voru um að rekstraraðili væri að tyrfa yfir ýmissan úrgang meðfram aðrennslislögnum. Slík landmótun/urðun er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekstraraðili hefur ekki heimild fyrir.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5.11.2020.

Virðingarfyllt

Halla Einarsdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

Suðurlandsbraut 24 +354 591 2000
108 Reykjavík www.ust.is

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Kristín Ó. Matthíasdóttir (Fiskabúrið)	Dags. eftirlits: 2. júlí 2020	Staðsetning stöðvar: Þverá, Vatnsfirði	Starfsleyfisflokkur: Gjaldflokkur 5
Kennitala rekstraraðila: 220187-2849	Gildistími starfsleyfis: 11.12.2021	Kvittun afhend: já	Gerð stöðvar: Landeldi

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Í starfsleyfinu er heimild til 200 tonna framleiðslu á lax og silungseldi (land og kvíaeldi). Ársframleiðsla 22 tonn 2019.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Starfsleyfi var flutt yfir á nýja kennitölu árið 2018. Voru að skipta yfir í lífrænt fóður. Stefna á fullvinnslueldi en ekki fyrirhugaðar breytingar á umfangi. Var kvíaeldi áður en eru alveg hætt við það. Ekki áætlað að fara í kvíarnar aftur. Fiskeldið er innan friðlands Vatnsfjarðar. Sótt hefur verið um breytingu á deiliskipulagi. Starfsleyfi rennur út í lok næsta árs og er rekstraraðili hvattur til að sækja tímanlega um endurnýjun starfsleyfis.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		Haldið er utan um skráningar í gæðahandbók. Fylgjast með vatnsþrýstingi í dæluhúsi. Sláturtölur: Fer inn í ársskýrslu hjá MAST en ekki aðgengilegt í eftirliti. Afföll: Skráningar til staðar. Eru með reglulega vöktun á súrefni og hitastigi.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

				<p>Fóðurstuðull 1,2-1,3. Reikna út fóðurþörf m.v. lífmassa – magnið ræðst af kornastærð.</p> <p>Skráningar á magni og gerð úrgangs ekki til staðar.</p> <p>Afstöðumynd til staðar í gæðahandbók.</p> <p>Sóttþreinsun –Virkon frá kemi. kaupa um 10 kg fötu á tveggja ára fresti.</p> <p>Engin lyfjanotkun.</p> <p>Klór notaður til þvotta á búnaði.</p>
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Ekki krafa um skil en skráningar skulu aðgengilegar í eftirliti.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			í gæðahandbók.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?	x			

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	Ekki krafa í starfsleyfisskilyrðum. Stefna að lífrænni framleiðslu og fullnaðareldi.
Stýring á fæðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Tölvustýrð klukkufóðrun. Magn reiknað út m.v. kornastærð fódurs og lífmassa í kerjum.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Mælingar framkvæmdar í janúar 2019 (við útrás hjá yfirfallsbrunni). Mælingar 2020 teknar við útrás frárennslis að ofan út í settjörn og hins vegar við útrás frá yfirfallsbrunni. Niðurstöður mælinga 2020 liggja ekki fyrir né útreikningar á losun. Leiðbeiningar um útreikninga á losun fosfors og köfnunarefnis út frá fódurmagni og lífmassa voru sendar rekstraraðila með boðun eftirlits.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olfa eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		x		Í settjörn voru mikil merki um grænþörungum. Grænþörungum verða mjög sýnilegir á sólardögum en mikil sól og heitt var þegar eftirlitið fór fram. Rekstraraðili vinnur að því að gróðursetja vatnagróður í settjörnnina til að vinna á þörungablómanum. Mikið af fiski er í settjörnninni og í yfirfallsbrunni. Frárennslis fer úr settjörn í gegnum sigti í yfirfallsbrunni áður en því er veitt út í sjó. Ekki sjáanleg óhreinindi í frárennslinu. Frárennslis frá slátrun fer í gegnum fituskilju og þaðan í settjörn.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	x			Fjórar borholur með heitu vatni og dælt í ker þar sem það er kælt og þaðan í dæluhús þar sem að því er blandað við kalda vatnið sem er tekið úr nærliggjandi læk.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).		x		Eldishús innan við 50 m frá sjó. Settjörn og útrás við fjöru. Sjáanleg froða og fitubrák í sjónum (utan við varnargarð við settjörn).
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		x		Engar mælingar né vöktun í viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		x		Dauðfiskur og slóg er sent til Klofnings en einhver hluti þess fer í heimamoltu og fóður fyrir hænur. Móttökukvittanir ekki til staðar né upplýsingar um magn. Samningur við Terra um kar fyrir almennt sorp. Keyra inn á Patreksfjörð það sem er flokkað. Fá reikninga en ekki aðgengilegir í eftirlitinu. Rætt um tækifæri til að bæta flokkun.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Ekki krafa um mælingar á viðtaka í starfsleyfis skilyrðum. Skráningar á sjónrænni eða annarri vöktun viðtaka ekki til staðar.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			x	Ekki krafa um skil.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Áætla mælingar í frárennsli árlega.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

<p>Síðasta reglubundna vettvangsheimsókn mengunareftirlits fór fram í október 2018. Fram komu tvö frávik frá starfsleyfisskilyrðum sem rekstraraðili hefur brugðist við í kjölfarið. Starfsleyfi var fært yfir á sömu kennitölu og rekstrarleyfi og framkvæmdar voru mælingar á styrk fosförs og köfnunarefnis í frárennsli 2019 og 2020.</p> <p>Ábendingu var komið á framfæri varðandi umgengni á svæðinu. Rekstraraðili hefur brugðist við þeirri ábendingu með að fjarlægja gamlan olútank og koma fyrir nýjum tvöföldum tanki.</p>	
Samantekt:	<p>Úrbætur frávíka sem upp komu í síðustu vettvangsheimsókn voru staðfestar í eftirlitinu en bæta þarf skráningar á vöktun viðtaka sem og magn og gerð úrgangs. Móttökukvittanir hættulegs úrgangs og spilliefna eru ekki til staðar.</p> <p>Umgengni er enn ábótavant. Nokkuð er af byggingarefni, dekkjum og gömlu brotajárni á svæðinu sem og búnaði fyrir fiskeldið á lóðinni. Þá hefur timbri, netum og öðrum úrgangi verið staflað í kringum aðrennslislagnir og kynnti rekstraraðili áform um að tyrfa yfir það. Rekstraraðili hefur ekki heimild til landmótunar eða urðunar úrgangs á lóðinni.</p> <p>Fiskeldið er innan friðlands Vatnsfjarðar og því er öll mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breytingar á landi, þ.m.t. tyrping, háð leyfi Umhverfisstofnunar.</p>
Annað	<p>Ábendingar bárust Umhverfisstofnun í nóvember sl. og aftur í ágúst sl. um að rekstraraðili færi með slóg í fjöruna til að fóðra fugla á svæðinu. Landverðir friðlandsins gerðu athugasemdir við það og hreinsaði rekstraraðili upp slógið í kjölfarið. Tryggja þarf að úrgangur fari í viðurkennda farvegi og bæta skráningar þess efnis.</p> <p>Eru búin að skipta um olútank. Olútankur tvöfaldur fyrir varaafli. Er á skrá Skeljungu. 2500 L tvöfaldur tankur. Bæta þarf árekstrarvarnir við geyminn.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kristín Ósk Matthíasdóttir Patreksfirði



Dags eftirlits	2.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kristín Ósk Matthíasdóttir	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Þverá, Barðaströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	220187-2849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Ósk Matthíasdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Viðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundna vettvangsferð eftirlits í fiskeldisstöð Kristínar Ó Matthíasdóttur að Þverá í Vatnsfirði. Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna frávíka sem komu fram í eftirliti 2018. Þrjú ný frávik komu fram frá starfsleyfisskýrðum og lögum um meðhöndlun úrgangs og þremur ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja (urðunarstaðir, fiskeldi og þauleldisbú).
- Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.
- Umfang starfsemi í fiskeldi (kynning).
- Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Eftirlitið var unnið samkvæmt meðfylgjandi gátalista.

Síðasta reglubundna vettvangsheimsókn fór fram 4. október 2018 þar sem að fram komu tvö frávik frá starfsleyfi. Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna þeirra frávíka. Brugðist hefur verið við ábendingu varðandi lekavarnir olúgeyma en huga þarf betur að árekstrarvörnum við nýjan olúgeymi. Umgengni er enn ábótavant.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsókn og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávíka. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Fiskabúrsins (fiskeldis Kristínar Ó. Matthíasdóttur) í áhættuflokk C og þar með er áætlað að fara í vettvangsferð í stöðina annað hvert ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun í starfsstöðinni en rekstraraðili afhenti jafnframt skriflegar athugasemdir við áhættumatið sem tekið verður til skoðunar við gerð næstu eftirlitsáætlunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Einn nýr tvöfaldur olúgeymir er á lóð rekstraraðila sem er þjónustaður af Skeljungu.

Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi út frá fóðurgjöf og framleiðslumagni. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til

ákvörðunar á losun næringarefna frá starfsstöðinni.

Rætt var um umfang starfseminnar m.t.t. lífmassa annars vegar og sláturtölum hins vegar.

Í skoðunarferðinni var farið inn í fiskeldishúsin meðfram varnargarði settjarnar og um lóðina. Staðfest var að olíutanki hefur verið skipt út í kjölfar ábendingar í síðasta eftirliti en enn eru byggingarefni, timbur, fiskikör, dekk og brotamálmur á lóðinni sem rekstraraðili segist hyggjast nýta. Þá hefur timbri, netum og öðrum úrgangi verið staflað í kringum aðrennislagnir og kynnti rekstraraðili áform um að tyrfa yfir það. Rekstraraðili hefur ekki heimild til landmótunar eða urðunar úrgangs á lóðinni. Rekstraraðili var minntur á þar sem að fiskeldið er staðsett innan friðlýst svæðis er öll mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umsóknir um slíkar framkvæmdir skulu sendar skriflega til Umhverfisstofnunar bréfleiðis eða á netfangið ust@ust.is.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr 2.3 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á sjó

Mikið er um byggingarefni, timbur, dekk, brotajárn, fiskikör ofl á lóðinni. Rekstraraðila er skylt að sjá um að öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllst hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig frágengið að það ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna

gr. 2.4 og 2.5 starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á sjó

Ábendingar hafa borist Umhverfisstofnun um að rekstraraðili fari með dauðfisk og slóg af fiski í fjöruna og að sögn rekstraraðila gerir hann það til að fódra villta fugla á svæðinu. Endurvinna skal allan úrgang sem fellur til í starfseminni eins og kostur er eða koma í viðurkenndan farveg. Þá er rekstraraðila skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að úrgangi á vegum rekstraraðila eftir því sem

lög nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Ummerki voru um að rekstraraðili væri að tyrfa yfir ýmissan úrgang meðfram aðrennislögnum. Slík landmótun/urðun er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekstraraðili hefur ekki heimild fyrir.

ÁBENDINGAR

Mælingar í frárennsli fóru fram sl. vor en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir.

Mikið grugg og þörungablómi voru í settjörninni sem mikilvægt er að hreinsa til að tryggja fullnægjandi virkni settjarnarinnar. Einnig var mikið af fiski í tjörninni sem ætti að vera í viðeigandi eldiskerjum. Þá var nokkuð um froðu og fitubrák í sjónum fyrir utan varnargarð við settjörnina.

Bæta þarf árekstrarvarnir við olfutanek.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.10.2020


Halla Einarsdóttir